



Til Sambandsaðila BFSÍ

Reykjavík, 26. Febrúar 2021

Efni: Bogfimiþing BFSÍ 2021 – Síðara fundarboð

Með vísan í bréf dags. 10. febrúar sl. og í samræmi við 6. grein laga BFSÍ er hér með síðara fundarboði boðað til Bogfimiþings **laugardaginn 13. mars nk. kl. 13:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fundarsalur E.**

Meðfylgjandi er dagskrá þingsins, lög sambandsins, upplýsingar um fulltrúafjölda ásamt kjörbréfi.

Aðrar tillögur og mál sem lagðar verða fyrir á þinginu eru:

- Afreksstefna lögð fyrir til samþykktar
- Aðgerðaráætlun afreksstarfs kynnt
- Heildarstefna kynnt

Til að stuðla að aukinni þátttöku og til að koma á móts við þá sem geta ekki verið viðstaddir á bogfimiþingi geta þeir þess í stað óskað eftir því að nýta þingfulltrúa sæti sín með setu í gegnum fjarfundabúnað (microsoft teams) með málfrelsi og tillögurétt.

Þingfulltrúar sem óska eftir setu í gegnum fjarfundarbúnað þurfa að óska eftir því í síðasta lagi 11. mars með því að senda tölvupóst þess efnis á bogfimi@bogfimi.is

Mikilvægt er þó að taka fram að samkvæmt 7. grein laga BFSÍ verða fulltrúar sambandsaðila að skila inn kjörbréfi til kjörbréfanefndar við upphaf þings, sem verður ekki hægt á rafrænu formi, og að atkvæði viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa ræður í kosningum þingsins.

Með kveðju,
Bogfimisamband Íslands

Ásdís Lilja Háþórsdóttir
Framkvæmdastjóri